



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 1. FUNDUR Á VORÖNN 2016
MIÐVIKUDAGINN 13. JANÚAR KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

Bréf nemenda vegna samninga og höfnunar á skólavist voru afgreidd 29. desember 2015 og voru lögð fram á þessum fundi. Sjá nánar á minnisblaði. (8. fundur 29. desember 2015)

B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot

Skert tímasókn/Árekstrar í töflu:

Margrét Jakobsdóttir	HBFR2he05/SÁLF3GS03	samþykkt
Rakel Anna Guðmundsdóttir	FATA4LO06/TÖL303	samþykkt
Sunna Úrsúla Guðmundsdóttir	LIST2FB03/MYNL4LO03	samþykkt
Þórunn Inga Ólafsdóttir	MYNL4LO03/SAGA2MS03	samþykkt
Þórdís Helga Jóhannsdóttir	sækir um skerta tímasókn í SAGA1f05	samþykkt

3 nemendur sækja um mat á íþróttum:

Vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

3 nemendur sækja um undanþágu frá stafsetningu sjá fskj

Vísað til kennslustjóra í íslensku til umsagnar

C. Önnur bréf

Nemandi sækir um endurgreiðslu á fjarnámi

Vísað til skólameistara

Nemandi leggur fram kærú á próf í STÆR3t05 vegna mikils falls og innihaldi prófs

Málið var tekið til efnislegrar umfjöllunar. Skólameistari hafði vísað málinu til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar. **Skólameistari hefur afgreitt málið og sent niðurstöðu til viðkomandi nemanda.**



2. Félagslíf og fjármál NFFG

1. Söngkeppni skólans verður haldin næsta föstudag. Aðalkeppnin verður haldin á Akureyri í mars. NFFG mun láta gera tónlistarmyndband með sigurvegaranum.
2. Undirbúningur er á fullu vegna árshátíðar. Skólameistari óskar eftir því að fjárhagsáætlun vegna árshátíðar verði lögð fyrir næsta fund skólaráðs.
3. Fyrirhuguð er skíðaferð í byrjun mars. (2.-4.mars) Takmarkaður sætafjöldi er í ferðina. Ferðir síðustu ára hafa tekist mjög vel.
4. Gettu betur lið skólans er komið í 2.umferð eftir frækilegan sigur í 1.umferð. Næsti mótherji verður Menntaskólinn að Laugarvatni.

3. Önnur mál

Fulltrúi nemenda spurði hvort ekki væri hægt að senda nemendum SMS í stað tölvupósts þegar kennsla fellur niður. Í máli skólameistara kom fram að greiða þarf sérstaklega fyrir að senda SMS og mun skólinn ekki breyta þeirri stefnu sinni að senda nemendum tölvupóst enda hefur komið í ljós að netpóstur nemenda er mun betur lesinn en áður og því auðveldara fyrir skólayfirvöld að koma almennum skilaboðum til nemenda.

Fundinn sátu:

Anna Guðrún Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari
Kristinn Þorsteinsson skólameistari
Páll Maris Pálsson forseti NFFG
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Snjólaug Elín Bjarnadóttir áfangastjóri
Sverrir Bartolozzi fjármálastjóri NFFG
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi
Þórunn Bergþóra Jónsdóttir fulltrúi kennara